

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Íbúðarbyggð á Svalbarðseyri, breyting – Tjarnartún 2.

Í breytingunni felst stækkun á lóðarmörkum og byggingarreit við Tjarnartún 2. Lóðin stækkar um 289 m² til norðurs og austurs og byggingarreitur er stækkaður til að rúma parhús á einni hæð. Jafnframt er gert ráð fyrir færslu manngerðs lækjarfarvegar, austar nær útivistargöngustíg ofan Tjarnartúns. Engin breyting er gerð á nýtingarhlutfalli eða byggingarmagni deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 24. mars 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 29. maí 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 30. júní 2026